

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 22. maí kl. 13:00 var haldinn 335. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson og Davíð Sigurðsson í fjarveru Guðveigar Eyglóardóttur.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 334 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti til fundarins Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Örnú Vigdís Jónsdóttur, fjármálaleiðtoga OR og Bryndísi Maríu Leifsdóttur, forstöðumanni reikningshalds. Lögðu þau fram og kynntu árshlutauppgjör samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir fyrsta ársfjórðung 2023. Umræður.

Lagt fram bréf endurskoðunarnefndar, dags. 19. maí 2023.

Uppgjörið borið upp og samþykkt samhljóða. Reikningurinn verður undirritaður rafrænt.

Benedikt gerði einnig grein fyrir stöðu fjármögunar.

Áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 16. maí 2023 lögð fram og skýrð.

3. Klukkan 13:30 mættu til fundarins þau, Helga Lára Hauksdóttir verkefnastjóri, Þorsteinn Helgi og Jóhann Einarsson, ráðgjafar frá Arion banka, ásamt Erling Frey Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Ljósleiðarans og kynntu fyrirhugað hlutfjárútboð Ljósleiðarans. Umræður. Ákveðið að hafa auka stjórnarfund um málið þann 31. maí 2023 kl. 9:00.
4. Lagðar fram upplýsingar um niðurstöður útboðs fyrir endurskoðunarþjónustu samstæðu Reykjavíkurborgar. Stjórn samþykkir að veita forstjóra umboð til boðunar eigendafundar til að ganga frá kjöri endurskoðanda fyrir árið 2023. Dagsetning eigendafundar verði ákveðin að höfðu samráði við handhafa eigendavalds.
5. Lagt fram minnisblað um rýni ÖHV stefnu. Stefnan rýnd og samþykkt.
6. Klukkan 14:50 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og menningar og greindi frá stöðunni í kjarasamningsviðræðum.
7. Klukkan 15:05 mætti Hólmfríður Haraldsdóttir til fundarins og gerði grein fyrir stöðu sem up er komin varðandi upprunaábyrgðir raforku. Umræður.
8. Klukkan 15:50 mættu Vala Hjörleifsdóttir, forstöðukona Nýsköpunar og framtíðarsýnar til fundarins, ásamt Þráni Friðrikssyni, Hildi Kristjánsdóttur og Benedikt Kjartan Magnússyni og greindu frá færslu kostnaðar vegna rannsókna á nýjum svæðum í Hengli frá Orku náttúrunnar til Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.

Lögð fram til samþykktar tillaga um um rannsóknarboranir í norðanverðum Meitlum, samtals að fjárhæð kr. 680.900.000,- Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 17. maí 2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 19. maí 2023. Umræður.
10. Forstjóri lagði fram og kynnti tillögu um fyrirkomulag undirbúnings stefnumörkunar stjórnar.
11. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar ohf. dags. 17.05.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.04.2023

Fundargerð stjórnarfundar Carbfix hf. dags. 17.04.2023

Drög að fundargerð stjórnar eignarhaldsfélagsins Carbfix ohf. dags 28.04.2023

Minnisblað framkvæmdastýru eignarhaldsfélagsins Carbfix dags. 26.04.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 17.05.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 19.04.2023

12. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina milli stjórnarfunda, dags. 19. maí 2023. Umræður.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:45.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 26. júní 2023.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Davíð Sigurðsson.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 24. apríl kl. 14:00 var haldinn 334. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfolk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson í fjarveru Valgarðs Lyngdal Jónssonar, og Guðveig Eyglóardóttir. Vala tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 333 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 14:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Gísli Birni Björnssyni til fundarins og kynnti stöðu fjármögnunar ásamt vörspá 2023. Umræður.
Áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17.04.2023 lögð fram og skýrð.
3. Klukkan 14:46 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins og greindi frá hlutafjárútkningarfæri Ljósleiðarans. Umræður.
4. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Sævari Frey Þráinssyni forstjóra prókúruumboð.
5. Lögð fram jafnréttistefna með leiðréttingu á orðalagi. Samþykkt samhljóða.
6. Lögð fram stefna um upplýsingaöryggi og persónuvernd. Stefnan rýnd og samþykkt.
Lagt fram minnisblað, dags. 24.04.2023 vegna rýni á gæðastefnu. Lagt er til að stefnan verði óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt.
7. Klukkan 16:00 mættu Sigrún Tómasdóttir og Þráinn Friðriksson, sérfræðingar hjá Rannsóknunum og nýsköpun og Sverrir Guðmundsson, vatnsveitu, til fundarins og kynntu stefnuverkefnið „Vegvísir forðamála fyrir vatnsveitu Borgarness, Bifrastar og nærsveita“. Umræður.
8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 19.04.2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 21.04.2023.
9. Klukkan 16:25 mætti til fundarins Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar OR ásamt Völu Hjörleifsdóttur og Hörpu Pétursdóttur, og greindi frá skoðun vindorkukosta. Umræður.
10. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.04.2023

Fundagerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 22.03.2023

Fundargerðir stjórnar Carbfix hf. dags. 22.03.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 19.04.2023

Fundagerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 23.03.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 19.04.2023

Fundagerð stjórnar Ljósleiðarans ehf. dags. 24.03.2023

11. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina, dags. 20.04.2023, ásamt yfirliti um fyrirhugaða skipan stjórnna dótturfélaga.

12. Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 24.04.2023. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita forstjóra og stefnustjóra umboð til að hefja undirbúning á fyrirhugaðri endurskoðun á heildarstefnu OR og stefnumótun.

Samþykkt.

Ákveðið að halda vinnudag stjórnar þann 29. september nk.

13. Minnt á árshátíð OR, laugardaginn 29. apríl nk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:33.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. maí 2023.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,

Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Guðveig Eyglóardóttir.

Orkuveita Reykjavíkur sef
b.t. Benedikts K Magnússonar
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Sameiginlegt útböð um kaup á þjónustu vegna ytri endurskoðunar samstæðu Reykjavíkurborgar.

Hinn 4. maí sl. voru tilboð opnuð í EES útböði nr. 15695 "Ytri endurskoðunarþjónusta fyrir Reykjavíkurborg". Borgarstjórn Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 16. þ.m. að kjósa lögstjóðendur, Grant Thornton endurskoðun ehf. endurskoðunarfyrtæki Reykjavíkurborgar. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar og staðfestingar stjórnar félaga í B hluta Reykjavíkurborgar verður gerður samningur um endurskoðunarþjónustu til næstu fimm ára. Samningurinn mun hljóða upp á kr. 387.992.190. Kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur verður eftirfarandi á samningstímanum:

Endurskoðun fyrir reikningsárin 2023 – 2027

Orkuveita Reykjavíkur samstæða	4.750.000
Orkuveita Reykjavíkur sef.	33.635.000
OR eignir ohf.	2.500.000
Orka náttúrunnar ohf.	24.203.500
ON Power	24.203.500
Veitur ohf.	24.203.500
Sérstakt uppgjör vegna dreifiveitu rafmagns til Orkustofnunar	2.500.000
Orkuveita Reykjavíkur – Vatns- og fráveita sf.	16.250.000
Eignarhaldsfélagið Carbfix ohf.	806.000
Carbfix hf.	17.639.000
Coda Terminal hf.	806.000
Ljósleiðarinn ehf.	15.861.690
Samtals	167.358.190

Aðrar kannanir og staðfestingar

Könnun 6 mánaða árshlutareiknings samstæðu OR	9.610.000
Könnun 6 mánaða árshlutareiknings Ljósleiðarans ehf.	1.720.000
Staðfesting vegna fjárhagshluta grænna skuldabréffa OR	1.250.000
Staðfesting vegna fjárhagshluta grænna skuldabréfa Ljósleiðarans	1.250.000
Stafesting/endurskoðun á Evrópuverkefnum hjá félögum í samstæðu OR	3.750.000
Yfirferð og staðfesting á grunnlýsingu hjá Orkuveitu Reykjavíkur sef.	1.250.000
Yfirferð og staðfesting á grunnlýsingu hjá Ljósleiðaranum ehf.	1.250.000
Stafesting á NIB og EIB fjárhagsskilyrðum í lánasamningum (e. Covenants) hjá OR	750.000
Staðfesting á samfélagslegum- og stjórnarháttapáttum í ársskýrslu OR til FME	4.500.000
Staðfesting á umhverfisþáttum á ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur sef	4.500.000
Staðfesting á yfirlýsingu um vörslufjárreikning hjá Orkuveitu Reykjavíkur til FME	200.000
Staðfesting á ESEF skýrslugjöf á ársreikningi OR samstæðunnar sbr lög nr. 20/2021	1.000.000
Staðfesting á ESEF skýrslugjöf á ársreikningi Ljósleiðarans sbr lög nr. 20/2021	1.000.000
Samtals	32.030.000

Endurskoðunarnefnd Orkuveitu Reykjavíkur sef.

Með þessu bréfi vill endurskoðunarnefnd þakka fyrir þátttöku í útboðinu og minna á að í samræmi við ákvæði sameignarsamnings og laga nr. 3/2006 um ársreikninga þarf nú að kjósa endurskoðunarfélag og leggur endurskoðunarnefnd að samþykka ráðningu Grant Thornton endurskoðunar ehf. sem endurskoðunarfyrtæki Orkuveitu Reykjavíkur sef. og dótturfyrtækja hennar fyrir reikningsskil áráanna 2023 til og með 2027.

Vakin er athygli á ákvæði útboðsins um að endurskoðunarfyrtækinu er ekki heimilt að taka að sér önnur störf en útboðið nær til án samþykkis endurskoðunarnefndar vegna hlutverks hennar gagnvart samstæðunni í heild sinni. Það er því á ábyrgð stjórnenda að koma beiðnum um önnur störf til endurskoðunarnefndar komi slíkt til á samningstíma útboðsins. Beiðnum skal koma til ritara nefndarinnar Halls Símonarsonar á netfangið innriendurskodun@reykjavik.is.

f.h. endurskoðunarnefndar



Lárus Finnbogason, formaður

Afrit:

Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Meðfylgjandi:

Tillaga endurskoðunarnefndar til borgarstjórnar dags. 8. þ.m.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur

Sendandi: Reynir Guðjónsson

Dagsetning: 22. maí 2023

Efni: **Rýni ÖH stefnu**

Rýni stefnu um öryggis- og heilsumál

Öryggisnefnd OR fundaði um ÖH stefnu og lagði mat á það hvort breytingar hefðu orðið í innra umhverfi eða þess ytra, sem kölluðu á breytta stefnu. Niðurstaða nefndarinnar var sú að það væri ekkert sem kallaði á breytingu hennar að svo stöddu. Stefnan tekur á því sem skiptir okkur mestu máli núna og endurspeglast í þeim áherslum sem stefnan tilgreinir. Í stefnunni, sem er meðfylgjandi, kemur fram að fyrirtækið vinni markvisst að þessum tilteknu áherslum. Þær eru taldar hér upp og tilgreint hvernig er unnið að því að uppfylla þær og innleiða.

- Áhættur í hverju verki séu ávallt undir stjórn

Þessari áherslu ÖH stefnunnar er sífellt unnið að og verður í raun aldrei lokið. Stöðugt þarf að meta, endurmeta og uppfæra. Til þess að áhættur séu undir stjórn er markvisst unnið að því að áhættumeta og staðla verklag rútínuverka. Þetta á líka við þegar um tilfallandi verkefni er að ræða. Þekkt neyðarverk hafa mörg hver þegar verið áhættumetin. Núna er unnið að því að ná utan um fleiri neyðarverk og útbúa áætlun fyrir þau.

- Skrá atvik og ófullnægjandi aðstæður, greina orsakir og gera umbætur

Í samstæðunni er til staðar ferli fyrir skráningu og greiningu atvika og umbótatækifæra. Í skráningarkerfinu „Björg“ berast árlega í kringum 1.200 tilkynningar sem skiptast í atvik, þar sem verður slys eða næstum slys og aðstæður sem þarfnast umbóta, u.þ.b. 90% tilkynninga varða aðstæður.

- Bæta ferla og verklýsingar til að samræma og viðhafa bestu og öruggustu vinnubrögð

Þessari áherslu er unnið m.a. að með því að bæta fræðslu og bæta ÖH stjórnun fjárfestingaverkefna. Unnið er bæði með ferli og innleiðingu verkefnastjórnunarkerfisins Vitans, þar sem áhættur verkefna eru tilgreindar og þeim stýrt.

- Efla öryggis- og heilsuvitund starfsfólks og verktaka með upplýsingagjöf og þjálfun

Nú er unnið að því að útbúa og innleiða ræfræna fræðslu til verktaka. Þá hefur Karitas, velferðartorg samstæðunnar, verið innleitt og þar eru fjöldi heilsueflandi kosta í boði fyrir starfsfólk. Vonir standa til þess að þær heilsueflandi leiðir sem í boði eru fyrir starfsfólk muni styðja við árangur lykilmarkmiðsins *Heil heim*.

- Stjórnendur staðfesti með úrtakseftirliti og stuðningi á verkstað að unnið sé samkvæmt verkferlum og að áhættum sé stýrt

Sífelld er unnið að því að efla stjórnendur og leiðtogaþjálfun sem hefur það að markmiði að unnið sé til samræmis við þessa áherslu.


Markmið og helstu áskoranir

Áskorun samstæðunnar er helst sú að unnið sé eftir gildandi verklagi og aðferðum. Áhersla er nú fyrst og fremst að efla eignarhald stjórnenda á eftirfylgni stefnunnar.

Markmiðið um *Heil heim* mælir fjarveru vegna veikinda og slysa. Í upphafi ársins 2019, þegar markmiðið var sett, var hlutfallið 4% af vinnustundum, miðað við fulla vinnu alls starfsfólks. Í upphafi ársins 2023 var staðan 4,5% og hækkun hennar gæti helgast af Covid smitum starfsfólks og endurteknum flensutilfellum. Talan virðist vera á niðurleið og ef fer sem horfir gætum við náð markmiðinu í lok ársins.

HEIL HEIM	Staða í upphafi mælinga 2019	Staða í upphafi ársins 2023
	4,0	4,5

Taflan fyrir neðan sýnir veikindayfirlit samstæðunnar, frá mánuði til mánaðar, hvoru tveggja skammtíma og heildarveikindi.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 331
 Sendandi: Snorri Jökull Egilsson, Umhverfismál OR
 Dagsetning: 17. maí 2023
 Efni: Umhverfismál fyrir stjórn OR 22. maí 2023. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvögina „Umhverfi og samfélag“

Heiti mælikvarða	2020				2021				2022				2023			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt														*		
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt														**		
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*2.ÁF: Óhreinsað skólp í sjó, heitt vatn út í umhverfið.

**2.ÁF: Vatnshæð Skorradalsvatns undir mörkum.

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

Lóðir og lendur: Búið er að lagfæra skemmdir á vegi sem Ölfusvatn gróf í sundur, bakkar árinna voru styrktir og eru vonir um að þær haldi í framtíðinni. Gert í samráði við Landgræðsluna.

Elliðaár: Vöktun á seiðabúskap og stærð hrygningarstofna í Árbæjarkvísl Elliðaána árið 2022 sýnir mikla velgengi laxins eftir að fiskurinn endurheimti gönguleið sem tálmuð var af Árbæjarlóni. [Sjá skýrslu Jóhannesar Sturlaugssonar líffræðings.](#)

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakilsárvirkjun: Ekkert nýtt.

Jarðvarmavirkjanir:

- Kannað hvort nýta megi náttúrumiðaðar lausnir til að kæla upphitað grunnvatn frá Nesjavallavirkjun sem fer í læk við virkjunina. Komið yrði upp litlum tjörnum að breskri fyrirmynd og vatninu veitt í þær til kælingar.
- Verið að meta hvort halda eigi Stangarholtsnámu í Grímsnes- og Grafningshreppi opinni til að nýta efni úr henni í fyrirhugaðar rannsóknaboranir í Þverárdal. Náman er gömul og verði ákveðið að halda henni opinni þarf að breyta skipulagi og afla leyfa.

Leyfi og eftirlit: Ekkert nýtt.

Samskipti við hagsmunaaðila: Fundur haldinn með Íþróttafélagi Reykjavíkur (ÍR) 11. maí og farið yfir samninga og efnistöku. ÍR er landeigandi að Hamragilslandi sem er athafnasvæði ON.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsókna og nýsköpunar.

VEITUR:

Vatnsveita: Ekkert nýtt.

Hitaveita: Ekkert nýtt en þó er vakin athygli á að [5. maí birti umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skýrslu unna af ÍSOR um stöðu hitaveitna á Íslandi](#). Hitaveitur voru metnar til einkunnar út frá 9 matsþáttum en Hitaveita Reykjavíkur fékk heildareinkunnina 59 og aðrar hitaveitur sem Veitur reka fengu heildareinkunnina 46-57. Hæsta einkunn hitaveitu í skýrslunni var 60 og lægsta 42.

Rafveita: Ekkert nýtt.

Fráveita: Vegna prófana á dælustöðvum við Skeljanes og Faxaskjól varð óveruleg losun á óhreinsuðu skólp í sjó. Tilkynnt.

Leyfi og eftirlit: Ábending barst frá Umhverfisstofnun (UST) um að tíðni sýnataka og árangur hreinsunar fráveitu á Akranesi hafi ekki uppfyllt skilyrði árið 2022. Veitur vinna úr athugasemdum UST.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsókna og nýsköpunar.

CARBFIX: Ekkert nýtt.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Það sem af er 2023 hefur styrkur verið undir sólarhringsmörkum.

Loftslagsmál

- Ráðgjafastofan Bureau Veritas í Danmörku vinnur að vottun á kolefnisspori OR samstæðu og kolefnisbindingu skógræktar og landgræðsluvæða OR. Vottunin er lykilkáttur svo uppfylla megi kröfur nýrrar reglugerðar ESB um flokkun á grænum rekstri og viðmið CDP sem árlega tekur út hvernig OR-samstæðan tekst á við loftslagsmál.
- Von er á niðurstöðu frá Science-based targets initiative (SBTi) um vottun á loftslagsmarkmiðum OR samstæðu.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl:

- OR, ON og Carbfix skiluðu minnisblaði til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 11. maí vegna breytinga á frumvarpi á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 m.t.t geymslu á koldíoxíði. Fyrirtækin styðja breytingarnar sem lagðar eru fram í frumvarpinu.
- OR og ON gáfu umsögn um skýrslu starfshóps umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins, um valkosti og greiningu á vindorku, mál nr. 84/2023. [Sjá nánar í Samráðsgátt.](#)

Mat á umhverfisáhrifum ofl: Ekkert nýtt.

Þekkingarmiðlun: Landgræðsluskóli Sameinuðu þjóðanna kom í heimsókn 29. apríl og skoðaði landgræðsluvæði við Hellisheiðarvirkjun.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri
Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir
Dagsetning: 19. maí 2023
Efni: **Minnisblað forðagæslu**

AUÐLINDAMÆLIKVARÐAR VORIÐ 2023

Mælikvarðar um stöðu auðlinda hafa nú verið uppfærðir eins og venja er að vori. Kvarðarnir eru sýndir í töflu með umferðaljósakerfi. Þar getur hver liður ýmist fengið rautt, gult eða grænt ljós. Einnig er settur plús (+) eða mínus (-) á ljósið ef breyting verður frá síðustu uppfærslu. Breyting var gerð á mælikvörðunum fyrir þessa uppfærslu með það að markmiði að samræma betur mælikvarðana fyrir hitaveitu og neysluvatn. Í þetta sinn hefur einnig verið bætt við sambærilegum kvarða fyrir fráveitu. Uppfærslu kvarðanna má sjá hér að neðan. Skilgreiningar á mælikvörðum eru sýndar í viðauka.

HITAVEITUR

Mælikvörðunum auðlinda hitaveitu var breytt örlítið fyrir útgáfu vorsins. Til einföldunar voru mælikvarðar um hita, vatnsgæði og vatnsborð sameinaðir í „ástand auðlinda“ ásamt því að mælikvarði um auðlindagögn var felldur út.

Breytingar eru þær helstar að afl og geta Rangárveitu til að glíma við lága vatnsborðsstöðu í Laugalandi hefur aukist með tilkomu nýrrar djúpdælu þar. Við það hækka mælikvarðar fyrir virkjaðan forða ásamt ástandi auðlindar. Einnig batnar auðlindanýting í Hveragerði með tilkomu viðbótar varmaskiptis.

Tafla 1. Auðlindamælikvarðar fyrir hitaveitur Veitna maí 2023.

Veita	Svæði	Virkjaður forði	Forði til framtíðar	Auðlindanýting	Ástand auðlindar
Hitaveita höfuðborgarsvæðisins		●	●		
	Reykjahlíð			●	●
	Reykir			●	●
	Elliðaárdalur			●	●
	Laugarnes			●	●
Austurveita		●	●	●	●
Grímsnesveita		●	●	●	●
Hlíðarveita		●	●	●	●
Rangárveita		+	●	●	●
	Laugaland			●	+
	Kaldárholt			●	●
Þorlákshafnarveita		●	●	●	●
Ölfusveita		●	●	●	●
Hveragerðisveita		●	●	+	●
Skorradalsveita		●	●	●	●
Munaðarnesveita		●	●	●	●
Norðurdalsveita		●	●	●	●
Hitaveita Akranes og Borgarfjarðar		●	●		
	Bæjarsveit			●	●
	Deildartunguhver			●	●
Stykkishólmsveita		●	●	●	●

Búið er að gera þá breytingu á auðlindamælikvörðum neysluvatns að liðnum um forðastöðu veitu var skipt upp í tvo liði; virkjaðan forða og forða til framtíðar. Helstu breytingar eru þær að forðamál fyrir Borgarnes, Bifröst og nærsveitir fara yfir á grænt ljós. Nýklárað er stefnuverkefni fyrir veituna þar sem sett var fram áætlun til þess að halda afkastagetu umfram eftirspurn næstu áratuginna.

Forðastaða vatnsveitunnar í Reykholtsdal færirst hins vegar frá grænum lit yfir á gulan vegna lækkunar á afkastagetu sem varð í langvarandi frostakafla nýliðinn vetur þegar afhendingaröryggi stóð tæpt. Skilgreiningu brunnsvæðis í kringum Slögu er lokið og því færirst kvarðinn á grænt og brugðist hefur verið við ógnum í umferð ökutækja í námu í nágrenni vatnsbólísins á Hvanneyri.

Tafla 2. Auðlindamælikvarðar fyrir vatnsveitur Veitna maí 2023.

Veita	Svæði	Ögnir í vatnsvernd					
		Virkiður forði	Forði til framtíðar	Gæði vatns	Brunnsv. Skilgr.	Dýrahald	Umferð ökutækja
Reykjavík og nágrenni		●	●				
	Gvendarbrunnar			●	●	●	●
	Jaðar			●	●	●	●
	Myllulækur			●	●	●	●
	Vatnsendakriki			●	●	●	●
	Vallá			●	●	●	●
Grundarfjörður		●	●	●	●	●	●
Stykkishólmur		●	●	●	●	●	●
Borgarnes, Bifröst og nærsveitir		+	+				
	Grábrókarveita			●	●	●	●
	Seleyri			●	●	●	●
	Hafnir (Lindaveita)			●	●	●	●
Reykholtsdalur		-	-	●	●	●	●
Hvanneyri		●	●	●	●	●	+
Akranes		●	●				
	Berjadalsá			●	●	●	●
	Slaga			●	+	●	●
	Óslækur			●	●	●	●
Úthlið		●	●	●	●	●	●

FRÁVEITUR

Í fyrsta skipti er hér settur saman mælikvarði á stöðu fráveitna. Mælikvarðinn er samsettur af þeim þáttum sem taldir eru mikilvægasti í starfsemi fráveitna. Hann dregur upp einfalda mynd af stöðu fráveitnanna og að nýtist við að forgangsraða verkefnum til að bæta stöðu þeirra.

Tafla 3. Mælikvarðar á stöðu fráveitna maí 2023.

Veita	Svæði	Starfsleyfi	Viðtakaskilgreining	Gæði hræinsunar	Lífrent álag	Örverustýrur / yfirborðsvatni	Meðhöndlun úrgangs	Vöktunargögn
Höfuðborgarsvæðið								
	Skerjafjarðarveita : Ánanaust	●	●	●	●	●	●	●
	Sundaveita : Klettagarðar	●	●	●	●	●	●	●
	Kjalarnes	●	●	●	●	●	●	●
	Esjumelar	●	●	●	●	●	●	●
Vesturland								
	Akranes	●	●	●	●	●	●	●
	Borgarnes	●	●	●	●	●	●	●
	Hvanneyri	●	●	●	●	●	●	●
	Reykholt	●	●	●	●	●	●	●
	Varmaland	●	●	●	●	●	●	●
	Bifröst	●	●	●	●	●	●	●

NÝIR ORKUKOSTIR OG AUÐLINDARÉTTINDI

Hitaveita höfuðborgarsvæðisins

Hitastigulsboranir á Kjalarnesi hafa tafist vegna bilunna í búnaði borverktaka en langan tíma hefur tekið að fá varahlut. Ein hola er tilbúin, 60 m djúp og sú næsta var komin á 55 m dýpi þegar búnaður bilaði. Samtal við landeigendur í Dalsmynni gengur vel og líklegt má telja að samkomulag náist og að þrjár holur verði boraðar á norðanverðu nesinu til viðbótar við þær sex sem ákveðið hefur verið að bora á nesinu sunnanverðu.

Á Álftanesi hefur sveitarfélagið gefið grænt ljós á hitastigulsboranir á sínu landi. RoN og LoL eru að búa sig undir að ræða við þrjá einstaklinga og Ríkiseignir varðandi leyfi fyrir fjórum holum.

HAB

Samtal við þjóðkirkjuna varðandi jarðhitaleit og nýtingu á Borg á Mýrum er farið af stað og miðar vel. Líklegt má telja að gengið verði frá samningum á næstunni og að hitastigulsboranir geti hafist þar á þessu ári. Vinna við að verðmeta réttindi landeigenda í Bæjarsveit stendur yfir innan OR og í framhaldinu verða samningsaðilum gerð tilboð um uppkaup á réttindum.

Rangárveita

OR er nú að skoða þrjú svæði í Rangárveitu með jarðhitaleit og nýtingu í huga, Marteinstungu og Ás eins og áður og í síðasta mánuði bættust Hárlaugsstaðir við. Samningur við Marteinstungu er undirritaður og hefur honum verið þinglýst. Verkefnið er komið í verkefnastýringu hjá Veitum og reiknað er með að hitastigulsboranir verði gerðar í sumar eða haust. Á Ási er enn beðið eftir niðurstöðu í samtali við Torp Trading en aðrir landeigendur hafa skrifað undir. Í byrjun maí var rætt við landeigendur á Hárlaugsstöðum 1 og 2 en þar kemur fram talsvert magn af volgu vatni í mýri. Landeigendur eru jákvæðir fyrir samstarfi og líklegt má telja að leyfi til jarðhitaleitar fáiist.

Rannsóknir á nýjum svæðum í Hengli

Niðurstaða Skipulagsstofnunar varðandi matsskyldu rannsóknarborana í norðanverðum Meitlum var að þær væru ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Undirbúningur að borútbóði fyrir fyrstu tvær rannsóknarholurnar, í norðanverðum Meitlum, er hafinn. Unnið er að gerð deiliskipulags fyrir rannsóknarboranirnar í norðanverðum Meitlum í samstarfi við sveitarfélagið. Þá er hafinn undirbúningur í samstarfi með sveitarfélaginu að breytingu á aðalskipulagi í Ölfusi sem miðar að því að skilgreina ný iðnaðarsvæði sem taka mið af áformum OR um rannsóknarboranir í Meitlum, Hverahlíð 2 (Norðurhálsur) og Litla Skarðsmýrarfjalli.

Vindorka

Samráð við lykilhagaðila, þ.e. sveitarfélög og landeigendur, er hafið í samræmi við samskiptaáætlun vegna vindorkukosta sem OR er að undirbúa að senda í umfjöllun 5.áfangar rammaáætlunar. Fundir eru áætlaðir með sveitarstjórum og landeigendum í maí mánuði.

Blöndun

Hönnun og smíði á tilraunakerfi fyrir blöndun til uppsetningar á Nesjavöllum fór fram sem hluti af 3 vikna námskeiði tæknifræðinema við Háskólann í Reykjavík (HR). Nemendurnir skiluðu af sér hönnunargögnum 12. maí ásamt fullsmíðuðum tilraunabúnaði sem er tilbúinn til uppsetningar á Nesjavöllum. Mikil ánægja var með samstarfið og vinnu nemendanna, bæði hjá leiðbeinendum þeirra hjá HR og hjá verkefnastjórum blöndunarverkefnisins. Möguleikar til frekari samvinnu og samstarfi við HR í svipuðum verkefnum verða kannaðir.